



Tennissamband Íslands

Mættir: Helgi, Prándur, Raj, Bragi og Júlíana.

1. Fengið frá pappírnum frá gjaldkera v. prókúruskipta og aðgangs að netbanka.
2. Helgi var í sambandi við ITF og vildi ath. hvort við gætum fengið aðstoð við að breiða út tennisinn á Íslandi. Einnig er líklegt að TSÍ eigi inni þróunarstyrk og er Helgi að athuga það.
3. Þróunarmót u12: það þarf að sjá hve hár styrkurinn og hlutur foreldranna verður, það er ekki enn búið að semja um það, verkefnið var ekki á fjárhagsáætlun.
4. Farið í gegnum reikninga sem þarf að greiða:
 - a. Tennis Europe mót að upphæð 60.000 kr. (ca. 400 evrur)
 - b. Davis Cup þarf að sækja um í tíma og greiða þátttöku
5. Helgi mun ræða við Raj og Jónas um þau þrjú mót sem við stefnum á að halda hér á landi á næsta ári, það þarf að hafa dómaramál á hreinu svo mótin séu lögleg.
6. Rætt um fjölmiðla – Gera þarf tennisinn sýnilegri.
7. Íslandsmót utanhúss:
 - a. Ákveðið að færa Íslandsmótið til og hafa það 10.-13. ágúst í staðinn fyrir 11.-14. ágúst.
 - b. Mótsstjórar: Steinunn Garðarsdóttir mun sjá um öðlingaflokk, Raj verður með börn og unglíngaflokka og TFK sér um meistaraflokk.
 - c. Dómarar verða í undanúrslitum og úrslitaleikjum í meistaraflokkum. Í 14, 16, og 18 ára flokkum í úrslitaleikjum.
8. Landsliðsnefnd: Hafsteinn, Gunnar, Hrafnhildur, Carola, Anna, Andri – þarf að skoða nefndina betur og skilgreina hennar verksvið, t.d. val í landsliðið.
9. Rætt um 5 ára planið, það þarf að hafa raunhæf markmið. Verkefni vantar fyrir efnilega unglínginga á aldrinum 16-20 ára, æskilegt að undirbúa þá betur fyrir háskólatennis:
 - a. Mynda tengsl við önnur félög erlendis þar sem hægt er að senda út unga spilara til að fá meiri þjálfun.
 - b. Halda utan um eldri spilara og bæta umgjörð tennissins (dómaramál, ath. bætingu milli ára hjá okkur).
 - c. Afreksstefnan þarf að vera samþykkt plagg og byrja að vinna í henni sem fyrst. Hún er ekki eingöngu mikilvæg fyrir afreksfólkið heldur er hún einnig lykillinn að hvata fyrir þá sem eru ekki eins langt komnir og stefna þá lengra.
10. Landsliðsæfingar:

31. maí 2011

- a. Rætt um skipulagið þar. Rætt um hópæfingar vs. einkaþjálfun. Einnig er lítið gert fyrir eldri spilara. Á sumrin falla æfingarnar niður – af hverju ekki að nýta útivellina.
- b. Val í þessar æfingar, skiptir máli að vera búinn að velja fyrir haustið áður en æfingarnar hefjast í september. Tillaga um að senda bréf á spilara í júní að þeir hafi sumarið (júní – sept.) til að æfa sig og stefna að því að komast í landsliðshópin og hefja þá landsliðsæfingar í september.
- c. Hugmynd: hafa 3 tíma í viku 2klst. í senn þar sem landsliðsmenn og þjálfarar hittast – mánud./miðvikud./föstud. 1x viku á Víkingsvöllum, 1x viku á Þróttarvöllum og 1x viku á TFK. Veltum þessu fyrir okkur í vikunni.

11. Fræðsla og umfjöllun: 11 krakkar sóttu í þjálfaranámskeið núna í lok maí og gekk það mjög vel. Sniðugt væri að virkja þessa krakka til að taka þátt í dómgæslu.

12. Skráning í tennismótin í sumar: Helgi mun tala við Rakel um að setja fasta skráningardálka á síðuna fyrir öll mótin í sumar. Passa upp á að sjálfvirka skráningin sé í lagi – skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi t.d. að spilarar sjái hvort þeir séu búnir að skrá sig í mótið.

Næsti fundur í byrjun júlí mánaðar. Framundan eru þá þessi mót: Þróttarmót, Víkingsmót, Ólympíumót æskunnar og U18 í Swiss. Í byrjun í ágúst verður svo fundur en þá er Íslandsmót utanhúss á dagsskrá.